

Reykjavík 18.11. 2019.

Til fjármála- og áhættustýringarsviðs og borgarráðs

EFNI: Minnisblað um stöðu grunnskóla SFS janúar – ágúst 2019

Samandregin rekstrarniðurstaða grunnskóla SFS

Fyrstu 8 mánuði ársins eru grunnskólar Reykjavíkur reknir með 660 mkr. halla eða um 3,7% yfir áætlun. Af 36 skólum eru 31 skóli með hallarekstur (705 mkr.) en aðeins 5 með afgang (45 mkr.)

Ef tekið er tillit til einkarekinna skóla og miðlægra potta sem skila afgangi fyrstu 8 mánuði ársins, samtals 67 mkr. verður samanlagður halli grunnskólahluta í heild 593 mkr. eða 3,1% umfram áætlun.

Þessu til viðbótar munu grunnskólarnir flytja með sér rekstrarhalla að fjárhæð 81,6 mkr. vegna yfirfærslu á halla frá 2018. Voru þar 20 skólar sem skila halla samtals að fjárhæð 203 mkr og 16 skólar sem reknir voru með afgangi að fjárhæð 121,4 mkr.

Grunnskólar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %	
Grunnskólar samreknir	138	139	-1	1.856	1.758	98	811	772	39	2.529	2.391	138	5,8%	Halli
Grunnskólar	732	622	109	10.321	10.096	225	5.214	4.889	325	14.803	14.362	441	3,1%	Halli
Sérskólar	16	7	9	936	875	61	185	156	29	1.105	1.024	81	7,9%	Halli
Samtals borgarreknir:	886	769	117	13.113	12.728	384	6.210	5.817	393	18.437	17.776	660	3,7%	Halli
Miðlægt og endurúthlutun	387	353	34	127	268	-141	715	590	125	455	505	-50	-9,9%	Afgangur
Einkaskólar							537	554	-17	537	554	-17	-3,1%	Afgangur
Samtals borgar. og einkar	1.273	1.123	151	13.240	12.997	244	7.462	6.962	500	19.429	18.836	593	3,1%	Halli

Á síðustu vikum hefur SFS átt fundi með fjölmörgum skólastjórnendum um fjárhagsstöðu skóla og þann rekstrarhalla sem hefur verið á síðustu mánuðum til að fá nánari innsýn í rekstur og rekstrarvanda skóla. Það sem er nokkuð sammerkt með svörum þeirra er:

1. Aukning í forföllum vegna veikindafjarvista bæði skammtíma og langtíma
2. Rekstrarkostnaður sem áætlaður er dugir ekki fyrir raunútgjöldum
3. Kostnaður og álag vegna framkvæmda, tafa, myglu, bruna oþh.
4. Vaxandi álag og tími vegna barna sem eiga í vanda og þurfa stuðning

Á fundum sem SFS hefur átt með skólastjórnendum þá hafa stjórnendur talið sig hafa þurft fleiri starfsmenn eða þurft að kaupa meiri vinnu af starfsmönnum til að geta sinnt lögbundnu skólastarfi. Samanburður á launakostnaði milli ára er nokkuð snúinn þar sem margar breytur koma inn í þann samanburð s.s. eingreiðslur, yfirvinna, afleysingar og kjarasamningar. Á tímabilinu janúar- ágúst 2019 m.v. sama tíma 2018 er verið að greiða fyrir sem nemur um 64 stöðugildum fleira í grunnskólum skv. niðurstöðum Qlik sense. Hafa ber þó í huga að verið er að umreikna dagvinnu og tímavinnu yfir í stöðugildi og því ekki hægt að fullyrða að um svo mikla fjölgun starfsmanna að ræða frekar aukið vinnumagn sem kostar fjármagn. Launahalli grunnskóla á því uppruna í mörgum liðum í rekstri skóla vegna aukinnar kröfu um meiri þjónustu og til að mæta viðameira starfi.

Eins og áður hefur komið fram er halli grunnskóla um 660 mkr. Skipting þess halla er að annar rekstrarkostnaður er 393 mkr umfram áætlun en kostnaður vegna launa 384 mkr. umfram áætlun, en frá þeirri fjárhæð dragast tekjur umfram áætlun, 117 mkr. þar sem þær tekjur eru að hluta vegna námsleyfa og styrkja og greiða hluta launakostnaðar. Að því frátöldu eru laun um 267 mkr umfram áætlun.

Yfirlit yfir helstu frávík, fjárhæðir í m.kr.			
Laun	jan - ágúst	Annar rekstarkostnaður	jan - ágúst
Frávík í launum	-384,0	Frávík	-393,0
Námsleyfi og styrkir sem tilheyrir launum	117,0		
Launakostnaður umfram áætlun	-267,0		
Launahalla sem skýrist af:			
Halli vegna stuðnings í grunnskólum	-80,0		
Halli vegna langtímaveikinda	-97,0		
Samtals	-177,0		
Aðrar þættir til skýringa vegna launahalla		Skýringar á halla vegna rekstarkostnaðar	
Fossvogsskóli	-13,0		-63,2
Seljaskóli			-12,0
Breiðholtsskóli			-2,5
Klettaskóli	-58,0		-13,0
Dalskóli	-5,0		-10,7
Breyting á hópúthlutun	-42,0		
Viðhald og endurnýjun á búnaði			-142,3
Kennsluefni			-79,9
Önnur frávík	28,0		-53,8
Tölvukostnaður			-15,6
Samtals	-90,0		
Samtals	-267,0		-393,0
		Samtals frávík jan-ágúst	-660,0

Kostnaður vegna afleysinga í veikindum kennara

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 var óskað eftir að fjárheimildir SFS væru hækkaðar vegna langtímaveikinda þar sem kostnaður var töluvert umfram áætlun á árinu 2018, sú þróun hefur haldið áfram og kostnaður aukist verulega. Ljóst var að halli yrði verulegur á árinu 2019 ef ekki kæmu til auknar fjárheimildir. Skólar bera kostnað af skammtímaveikindum. Fjárheimildir til afleysinga skammtímaveikinda duga engan vegin fyrir áföllnum kostnaði skólanna. Komi upp veikindi kennara í grunnskóla þá þarf að bregðast við þeim samstundis svo hægt sé að halda úti lögboðinni kennslu. Þetta felur í sér að greiða þarf yfirvinnu í langflestum tilvikum þar sem ekki eru forfallakennarar til staðar. Halli vegna langtímaveikinda á tímabilinu janúar til ágúst var um 97 mkr. Veikindi á fyrri hluta árs 2019 voru meiri en á fyrrihluta árs 2018.

Halli vegna langtímaveikinda grunnskóla verður væntanlega hátt í 200 mkr.

Kostnaður vegna stuðnings

Skólar fá úthlutað fjármagni til stuðnings úr miðlægum potti. Sá pottur hefur ekki dugað til að mæta metinni þörf nemenda fyrir stuðning síðastliðin ár (mat framkvæmt af aðilum eins og greiningarstöð Ríkisins, BUGL, Heyrnar- og talmeinastöð). Halli vegna stuðnings hjá grunnskólum á tímabilinu janúar til ágúst var um 80 mkr. Halli var minni á fyrrihluta árs þar sem úthlutun til skóla var í samræmi við greiningar en á seinni hluta árs þá dugir pottur ekki til að úthluta samkvæmt greiningum. Miðað við það fjármagn sem er í potti og vænt útgjöld þá er spá um halla fyrir árið 2019 miðað við forsendur í byrjun október, að fjárhæð 216 mkr.

Aukinn kostnaður vegna húsnæðis, s.s. vegna myglu, bruna, framkvæmda og tafa á þeim

Fossvogsskóli er með kostnað umfram áætlun vegna framkvæmda 76,2 mkr. til loka júlí. Stærstu kostnaðarliðir eru húsaleiga 24,4 mkr., rútuakstur 14 mkr., hreingerning og málu 12 mkr. auk viðbótarlaunakostnaðar upp á 13 mkr. Mikið álag hefur verið á starfsmönnum skólans vegna þess mikla umróts sem hefur verið á skólastarfi, starfsmenn hafa verið í mikilli yfirvinnu vegna þessa tjóns. Það eru einnig hlutir sem þarf að endurnýja þegar ráðist er í miklar endurbætur á húsnæði svo ekki sé verið að nýta áfram hluti sem eru úreltir eða gætu verið skemmdir má þar nefna bólstruð húsgögn, gluggatjöld og bækur. Þær breytingar sem gera þurfti á skólastarfi hafa tekið

mikið til sín og hefur skólinn þurft að kosta miklu til svo hægt væri að halda uppi eins eðlilegu skólstarfi og kostur er. Samhliða þessu hafa foreldrar lagst mjög á skólastjórnendur um kröfur um hraða endurbótum svo hægt væri að koma skólanum í fullkomið ástand sem fyrst. Einhverjir foreldrar hafa valið að setja börn í aðra skóla og eitthvað er um að börn sem áttu að byrja í skólanum hafi farið annað. Fækkun barna af þessum ástæðum hefur haft áhrif á bekkjarstæðir og annað skipulag í skólanum.

Kostnaður vegna bruna í Seljaskóla var kominn í um 12 m.kr. í lok ágúst.

Í Breiðholtsskóla er mygla og kostnaður kominn í 2,5 mkr., lagfæringum er ekki lokið og má því búast við viðbótarkostnaði á seinni hluta ársins.

Klettaskóli hefur verið að taka í notkun stærra húsnæði sem felur í sér aukinn rekstrarkostnað vegna sundlaugar, íþróttahúss og mikillar aukningar á einstaklingum með aukna þjónustuþyngd sem krefst fleira starfsfólks. Halli skólans er nú um 71 mkr. Launakostnaður umfram áætlun að frádregnum styrkjum er um 58 mkr., annar rekstur er 13 mkr umfram áætlun. Endurskoða þarf úthlutun til skólans í samræmi við breyttar aðstæður. Á árunum 2018 og 2019 hefur starfsfólki fjölgað frá því sem áður var vegna aukinnar þjónustuþyngdar. Ljóst er að sú fjölgun hefur ekki verið innan þess ramma sem skólinn hefur haft. Sé litið til ársins 2017 til samanburðar þá var mikil undirmönnun í skólanum með miklu álagi á starfsmenn en það ár var afgangur af rekstri skólans.

Dalskóli hefur verið í færanlegum skólastofum sem hafa verið óhagkvæmar í rekstri og valdið verulegum kostnaði sem hefur fallið á skólann, s.s. vegna fjölda bygginga sem erfitt er að þrifa. Húsin hafa sum verið í slæmu ástandi og illa búin og því hefur þurft hefur að fara í lagfæringar af rekstri skólans og kaup á búnaði til að geta haldið uppi eðlilegri kennslu. Viðbótarkostnaður á fyrrihluta árs er um 16 mkr. þ.a er viðbótarlaunakostnaður um 5 mkr. og þrif og hreinsun um 10,1 m.kr. Þar sem skólinn hefur verið í mörgum og óhentugum skólastofum hefur það aukið álag á starfsmenn sem kallað hefur á fjölgun starfsmanna til að geta haft yfirsýn og eftirlit með öllum einingum skólans. Vegna nýbygginga þá hefur verið umsjónarmaður húsnæðis sem átti að hætta sl. vor vegna aldurs þegar nýr umsjónarmaður var ráðinn verið áfram við störf í Dalskóla að beiðni USK, hafa því tveir umsjónarmenn verið við störf síðastliðna mánuði.

Á haustmánuðum 2018 tók í gildi breytt úthlutun til skóla sem byggir á „hópaúthlutun“ en verið er að meta heildaráhrif þessarar breytingar, vísbendingar eru um að þessi kerfisbreyting feli í sér meiri kostnaðarauka en áætlanir gerðu ráð fyrir. Áætlað er að aukinn kostnaður vegna breytinga á úthlutun sé um 42 mkr. á tímabilinu eða um 71 mkr. á árinu 2019.

Aukinn kostnaður við tölvubúnað

Árið 2018 var ákveðið í borgarráði að auka töluvert við tölvubúnað til kennara, fagfólks auk þess sem miðað ein tölva sé pr. nemanda í fjölmennasta árgangi á hverju aldurstigi. Kaup búnaðar fóru í gegnum UTD/ UTR. Fjárheimildir til rekstrar hjá SFS hafa ekki verið hækkaðar samhliða. Vegna aukningar þá hefur hækkun reikninga frá UTR verið um 15,6 mkr. hærrí en áætlað var á tímabilinu janúar til ágúst, búast má við að hækkun á árinu 2019 verði um 27,8 mkr.

Aksturskostnaður við skólaakstur og sundakstur

Á haustmánuðum 2018 sagði þjónustuaðili á akstursamningi upp samningi, nýtt skammtímaútbod fór fram sem var í gildi frá 1.1.2019 og til 24.08.2019 hækkun frá fyrra verði var um 10%. Frá 24. ágúst tók í gildi nýtt útbod, verð samkvæmt útbodum hækkaði töluvert. Verð skv. þessu útbodi var yfir 25-30% hækkun frá þeim gjöldum sem voru áður í gildi, hækkun var breytileg eftir stærð bíla. Hækkun á gjaldskrá er um 38% á seinni hluta árs 2019 frá því sem var á árinu 2018. Hefur kostnaður á fyrrihluta árs 2019 verið rúmum 19,5 mkr. umfram áætlun. Miðað við þær breytingar má vænta að kostnaður verði um 41 mkr. umfram áætlun á árinu 2019.

Akstur fatlaðra

Ekki hafa verið aðrar hækkanir en tengist samningi en aukning hefur verið á akstri sem veldur hækkun á kostnaði um 14,2 mkr. á fyrrihluta árs og má vænta að halli á árinu 2019 verði um 21,2 mkr.

Yfirlit vanfjármögnunar í grunnskólum 2019, fjárhæðir í m.kr.

Samandregið um útgjöld sem eru vanfjármögnuð hjá grunnskólum á árinu 2019, enn er óljóst hve mikill kostnaður mun falla á skóla vegna framkvæmda og myglu á tímabilinu september til desember 2019.

Samtals launafrávik	-267
Samtals rekstrarkostnaður	-393
Samtals frávik jan- ágúst	-660
Skólaakstur og fatlaðir jan- ágúst	-34
Sept - des, spá	
Langtímaveikindi	-103
Stuðningur	-136
Rekstur tölvubúnaðar	-12
Hópaúthlutun	-29
Akstur fatlaðra	-7
Skólaakstur	-21
Samtals viðbót sept- des	-308
Samtals árið 2019	-1.001

Helgi Grímsson,

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs